

Diljá Björg Matthíasdóttir
10. bekkur
Bláskógaskóli


Kennari: Lára Bergljót Jónsdóttir

Klukkublóm



Mér finnst klukkublóm vera mjög spennandi blóm og ákvað ég því að fræðast um þau. Þið munið komast að því hvernig þau líta út, hvernig þau afla sér næringu, hvernig þau fjölga sér og margt margt fleira.

Klukkublóm eru mjög algeng blóm og eru þau um allt Ísland. Þau vaxa í skóglendi, lyngbollum, snjódældabollum og giljum, bæði á láglandi og til fjalla allt upp í 900 m hæð. Blóm klukkublómsins eru í stuttum (1, 5-3 sm) klasa. Krónan er bjöllulaga en klofin nær niður í gegn, fimmdeild. Krónublöðin eru sporbaugótt eða nær kringlótt, hvítleit, oftast bleik í endann og 4-5 mm á lengd. Bikarblöðin eru dökkrauð, um 2 mm á lengd og odddregin. Fræflar í klukkublómi eru 10 en frævan er aðeins ein, hún er samsett af fimm blöðum sem mynda hýðisaldin við þroskun. Laufblöðin eru sporbaugótt, stundum nær kringlótt með óglöggum tönnum, stilkud. Smá, hreisturkennd háblöð eru inni á milli laufblaðanna, og eitt ofar á stönglinum. Klukkublóm líkist helst bjöllulilju og grænliju.





(Flóran og Náttúrufræðistofnun Íslands [án árs]).

Ætt klukkublóma er Vetrarliljuætt og blómgunartíminn hjá þeim er júlí. (Plöntuvefurinn [án árs]). Útlit og gerð blóma. Í blómvendi má oft sjá blóm með undurfögnum litum og sérkennilegri lögun. Til eru líka blóm sem eru græn eða svo smá að þau sjást varla. Það á til dæmis við um blóm margra trjáa. En þótt blómin séu ólík að gerð og útliti er hlutverk þeirra alltaf eitt og það sama: að sjá til þess að plönturnar geti fjölgað sér og aukið útbreiðslu sína. Það sem við tökum yfirleitt fyrst eftir í blómi eru krónublöðin. Þau gefa blómunum mismunandi lit og lögun. Stundum eru krónublöðin laus hvert frá öðru, til dæmis hjá brennisóleyju, en stundum eru þau samvaxin, til dæmis eins og bláklukka(klukkublóm). Undir krónublöðunum sitja græn bikarblöð. Þau umkringja blómhnappinn og vernda hann áður en blómið opnast, springur út. Inni í blóminu, innan við krónublöðin, finnum við æxlunarfæri plöntunnar. Flestar plöntur hafa bæði karlkyns og kvenkyns æxlunarfæri í sama blóminu. Kvenkyns æxlunarfærin kallast fræva sem situr oftast í miðju blóminu. Neðsti hluti frævunnar kallast eggleg, upp úr því gengur stilkur, sem nefnist stíll, og þar er eggfruman. Karlkyns æxlunarfæri heita fræflar. Þeir eru oftast margir og raðast kringum frævuna. Efsti hluti fræfilsins heitir frjóhnappur. Í þessum knappi myndast frjókorn sem eru sambærileg við sáðfrumur. (skýringar myndir á síðunni fyrir neðan).



Frjónvun. Þegar frjókorn hefur fest við frænið á frævunni tekur frjóþípa að vaxa niður í áttina að eggbúinu. Í frjókorninu eru eins konur sáðfrumur sem kallast sáðkjarnar. Þegar frjóþípan hefur náð til eggfrumunnar í eggbúinu flytjast tveir sáðkjarnar niður eftir frjóþípunni. Annar sáðkjarninn frjónvagar eggfrumuna og síðan tekur fræið að myndast. Hinn sáðkjarninn sameinast annarri frumu í eggbúinu og þá myndast til fræhvítan sem verður forðanæring fræsins á fyrstu stigum þess þegar það byrjar að spíra (*skýringar mynd fyrir neðan*).



Heimildaskrá:

Klukkublóm. [án árs] Sótt 8. nóvember 2017- <http://www.floraislands.is/pyrolmin.html>

Náttúrufræðistofnun Íslands. [án árs] Sótt 8. nóvember 2017
<http://www.ni.is/biota/plantae/anthophyta/klukkublom-pyro-la-minor>

Plöntuvefurinn. [án árs] Sótt 8.nóvember 2017
<http://www1.nams.is/flora/blomStaf.php?id=61>

Fróðleikur um flóru og gróður. [án árs] Sótt 8. nóvember 2017
<http://ahb.is/tag/klukkublom/>

Sumar myndir eru teknar af vefnum Google

<http://vefir.mms.is/flettibaekur/namsefni/heimir/>